

Lesefni við lokahátíðir
Stóru upplestrarkeppninnar
í 7. bekk

2012–2013



Skáld keppninnar

Friðrik Erlingsson
og Þóra Jónsdóttir

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn
febrúar 2013

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur, Þórði Helgasyni og Baldri Sigurðssyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk vorið 2013.

Búningur sögunnar eftir Friðrik Erlingsson er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er það aðlagað örlítið og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

Efni kversins

Inngangur — leiðbeiningar	4
<i>Um val á lesköflum</i>	<i>4</i>
<i>Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð</i>	<i>5</i>
<i>Um röð flytjenda.....</i>	<i>5</i>
Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð.....	6
Fyrsta umferð Svipmyndir úr skáldsögunni <i>Benjamín dúfa</i> eftir Friðrik Erlingsson	7
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>7</i>
Önnur umferð: Ljóð eftir Þóru Jónsdóttur.....	26
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>26</i>

Inngangur — leiðbeiningar

Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2013. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

Í fyrstu umferð verða fluttar svipmyndir úr sögunni *Benjamín dúfa* eftir Friðrik Erlingsson. Þessum svipmyndum er hér skipt í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Til þess að sem best samhengi fáiast í flutninginn er mælt með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	1–8 eða 7–14
9 lesarar	7–15
10 lesarar	7–16 eða 9–18
11 lesarar	5–15
12 lesarar	7–18
13 lesarar	1–4 og 7–15
14 lesarar	1–4 og 7–16 eða 1–4 og 9–18
15 lesarar	1–15
16 lesarar	1–4 og 7–18 eða 1–6 og 9–18
17 lesarar	2–18
18 lesarar	1–18

Flytjendur fá að undirbúa þá kafla sem fluttir verða á hverri hátíð í viku til tíu daga. Á lokaæfingu, eða daginn fyrir loka-hátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

Í annarri umferð lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Þóru Jónsdóttur. Þeir skulu velja eitt af þeim átta ljóðum sem prentuð eru í þessu hefti. Gott er að val nemenda dreifist á sem flest ljóð.

Í þriðju umferð lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt. Gott er að kennarar hvetji nemendur til að velja ljóð utan skólabóka.

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að sögu Friðriks Erlingssonar, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efn-ið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Þóru eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðs-ins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð getur kynnir þess í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftar og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð.

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni *Benjamín dúfa* eftir Friðrik Erlingsson

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru tvö:
Friðrik Erlingsson og Þóra Jónsdóttir.

Friðrik Erlingsson fæddist í Reykjavík árið 1962 og útskrifaðist sem grafiskur hönnuður frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1983. Höfundarverk Friðriks eru nokkuð margbreytileg. Hann hefur samið dægurlagatexta og þýtt aðra á íslensku. Hann hefur skrifað kvikmyndahandrit, sjónvarpshandrit og ævisögur auk þýðinga skáldverka en fyrsta skáldsaga hans, *Benjamín dúfa*, hlaut árið 1992 Íslensku barnabókaverðlaunin og verðlaun Skólamálaráðs Reykjavíkur 1994. Bókin hefur verið gefin út í fjölmörgum löndum og samnefnd kvikmynd hefur einnig fengið verðlaun víða um heim.

Við heyrum nú lesna kafla úr bókinni *Benjamín dúfa* en hún fjallar um nokkra vini í litlu hverfi í Reykjavík. Um tíma er lífið eitt óslitið ævintýri en brátt tekur kaldur raunveruleikinn við. Vinirnir stofna riddarareglu, reglu Rauða drekans, og berjast gegn ranglæti, með réttlæti, og um tíma eru þeir hetjur samfélagsins.

Guðlaug gamla er nokkurs konar sálfræðingur hverfisins. Allir elska hana og dá, og þegar Bólu-Hjálmar, kötturinn hennar, er drepinn taka riddararnir málin í sínar hendur.

Helgi svarti er ógnvaldur litlu strákanna í hverfinu. Þegar kviknar í húsi Guðlaugar gömlu sýnir hann á sér óvænta hlið. Ýmislegt fleira drífur á dagana í hverfinu og við hvetjum alla til að lesa bókina frá upphafi til enda.

1. Regla Rauða drekans

Eldrauðir logarnir teygja sig græðgislega upp í dökkan himininn. Járnvírar og stangir glóa í bjarmanum frá bálinu og í hvarflandi blikinu virðast þær vera lifandi slöngur sem vagma sér ógnandi inn í hvítlogandi kvikuna. Aðeins brestirnir í trjádrumbunum heyrast í kvöldkyrrðinni. Háværir smellir, þytur í neistaflugi, brak í timbri.

Drengirnir standa sem dáleiddir og horfa inn í bálið. Baldur, sá yngsti þeirra, slítur loks augu sín frá eldinum og lítur á Benjamín sem hefur sest á hækjur sér. Andrés færir sig nær honum og sest líka. Róland, sá elsti, stendur ennþá á lengdar og starir í bálið.

Þegar þeir komu til hans í kvöld, þögulir, alvarlegir og báðu hann að koma með sér á fund niður í fjöru, þá vissi hann að eitthvað hafði gerst. Eitthvað sem skipti máli. Núna var hann vinur þessara stráka. Þeir vildu hafa hann með, þeir treystu honum. Og þeir litu upp til hans um leið og þeir voru jafningjar hans.

Hann hafði gripið með sér stóran bakpoka um leið og hann fór út með þeim. Þeir spurðu ekkert um pokann. Það var gott. Hann ætlar að koma þeim á óvart. Pokinn geymir draum hans. Og drauma sína sýnir maður engum nema þeim sem eru vinir manns. Þeim sem maður treystir.

– Bíðið hér, sagði Róland og var leyndardómsfullur. Svo hvarf hann út í myrkrið handan eldsins. Ég stóð upp og gekk að Andrés, rétti honum höndina til að hjálpa honum á fætur.

2.

- Fyrirgefðu, sagði ég.
- Allt í lagi, sagði Andrés og brosti út í annað.
- Þetta var rétt hjá honum, sagði Baldi og var staðinn á fætur. Við verðum að standa saman.

Andrés leit á hann og spurði : – Standa saman ...? um hvað? Hvað eigum við að gera?

Skyndilega heyrðum við glamra í járnahrúgunni fyrir aftan okkur. Við snérum okkur snögg við og stöðum upp til Rólands. Logarnir frá bálinu köstuðu birtu sinni á hann þar sem hann gnæfði yfir okkur með járnslégin hjálm á höfði. Í vinstri hendi hélt hann á stórum skildi sem glóði eins og gull í eldsbjarmanum, framan á brjóstinu var skjaldarmerki; rauður dreki á hvítum grunni og skósið, dimmrauð skikkjan sveiflaðist að baki honum eins og risavængir. Í hægri hendi var stórt silfurhúðað trésverð sem hann lyfti hátt til himins um leið og hann hrópaði í gegnum neistaflugið frá bálinu:

– Ég er Róland! Riddari í reglu Rauða drekans! Ég berst gegn ranglæti með réttlæti! Er einhver hér sem vill fylgja mér?!

Orðin bergmáluðu um alla fjöruna. Innra með okkur losnaði einhver spenningur sem streymdi snögglega um allan líkamann. Við æptum allir sem einn af hrifningu.

– Ég! Ég! Ég! Gegn ranglæti! Með réttlæti!

Við dönsuðum trylltir í kringum eldinn og hrópuðum svo að Slippurinn bergmálaði af köllum okkar. Riddarar! Við yrðum alvöru riddarar! Með skjöld og sverð og hjálm og skikkju. Og enginn gæti sigrað okkur ef við stæðum saman, allir sem einn; gegn ranglæti, með réttlæti.

3.

Mamma hans Balda fékk það erfiða verkefni að sauma skikkjur og vesti. Við urðum hins vegar að útvega efnið sjálfir og það varð þrautin þyngri. Andrés (sem vildi hafa allt flottast) gafst ekki upp fyrr en mamma hans samþykkti að fara með honum í vefnaðarvörubúð og kaupa efni í skikkjuna. Hann varð ekki ánægður fyrr en hann fékk loðkraga á hana í þokkabót. Niðri í geymslu fann hann gamlan leðurstól sem hann tók áklæðið af til að nota í vesti. Og aumingja mamma hans Balda var í marga daga að glíma við að sauma vestið hans Andrésar.

Skikkjan mín var silfurgrá gardína með upphleyptu flauelsmynstri og hafði einhvern tíma hangið fyrir stofugluggunum svo það var nóg efni í vesti líka. Baldi fékk þykka dimmrauða skikkju með gullbryddingum og vesti úr marglitu flaueli sem myndaði tíglamunstur.

Dagana sem mamma hans var að sauma notuðum við til að mála skildina og sverðin. Við ákváðum að á skildinum yrði táknmynd sem hver og einn veldi fyrir sig. Andrés gat ekki gert upp við sig hvort hann vildi hafa öskrandi ljón með vængi eða svart pardusdýr með glóandi augu svo á endanum ákvað hann að hafa tvíhöfða svartan örn á rauðum grunni með útbreidda vængi og hvassar klær.

4.

Baldi hafði hvítan einhyrning á bláum grunni. Honum fundust hestar svo fallegir þótt hann væri dauðhræddur við þá. Einhvern tíma þegar hann var lítill hafði hann verið settur á hestbak og varð svo hræddur að hann fór að grenja hvar sem hann sá hest þótt hann væri langt í burtu. En þeir voru samt uppáhaldsdýrin hans þótt hann þyrði ekki að koma nálægt þeim.

– Og einhyrningar, sagði hann, eru fallegastir. Þeir voru konungar hestanna.

Ég valdi mér hvíta dúfu á dökkgráum grunni.

Þá var bara eftir að útbúa skjaldarmerki Rauða drekans framan á vestin. Það var klippt út úr rauðu filti og límt á hvítan filtgrunn og síðan límt og saumað framan á vestisbrjóstið.

Það voru hátíðlegir og alvarlegir ungir riddarar sem stilltu sér upp fyrir framan stóra spegilinn heima hjá Balda, íklæddir þessum dýrlegu klæðum, með trésverð við síðu og skjöld í hendi. Það var augnablik þrungjó merkingu sem við fundum allir en gátum ekki útskýrt. Þetta var ekki bara leikur. Á bak við þessa búninga og þessi vopn var heilagur tilgangur, ákvörðun sem ekki varð haggað:

Gegn ranglæti, með réttlæti.

Og í speglinum sáum við þennan tilgang, þessa ákvörðun verða að raunveruleika. Við vorum riddarar, stríðsmenn réttlætisins, reiðubúnir til baráttu.

5. Fyrir Bólu-Hjálmar

Um kvöldið var haldinn fundur við hringborð Rólands. Á veggnum á bak við okkur héngu skildir, hjálmar og sverð hlið við hlið. Allt var til reiðu í riddarasalnum fyrir fyrsta fund Rauða drekans.

– Benjamín dúfa, sagði Róland. Ég skipa þig ritara reglunnar. Þín skylda er að skrá fundi og ákvarðanir og lýsingar á aðgerðum reglunnar.

Ég hafði búið mig undir þetta embætti og keypt mér litla fallega bók bundna í leður með gulum línustrikuðum blaðsíðum. Á titilblaðið hafði ég teiknað skjaldarmerki Rauða drekans. Og undir því stóð: Regla Rauða drekans, Róland dreki, Benjamín dúfa, Andrés örn, Baldur hvíti. Og fyrir ofan nöfnin okkar hafði ég teiknað skjaldarmerki hvers og eins.

– Fyrsta mál reglunnar varðar Helga svarta, sagði Róland. Hvernig eigum við að hefna fyrir Bólu-Hjálmar? Hvernig látum við Helga svarta gjalda fyrir illvirkið?

– Ef hann ætti bara hund eða eitthvert dýr sem við gætum drepið, sagði Andrés glottandi. Við litum undrandi á hann.

– Áttu við að við myndum gera það sama við hundinn hans Helga og hann gerði við Bólu-Hjálmar? spurði Róland.

– Já, hiklaust, svaraði Andrés án þess að blikna.

Það var einhver undarleg harka í röddinni.

– Þú sérð það náttúrulega sjálfur að það væri ekki hægt, sagði Róland. Værum við þá ekki sömu illmennin og hann? Værum við þá eitthvað betri?

6.

– Tilbúinn? hvíslaði Andrés.

Ég kinkaði kalli. Nú þurfti að opna gluggann. Ég smeygði hendinni inn fyrir rifuna á glugganum, ýtti stormjárninu upp og þeytti glugganum upp á gátt. Á móti mér gaus músíkin með öskrandi söngnum og brjáluðum trommuslætti. Eldsnögg lagði ég slönguna í gluggakistuna og miðaði beint á staðinn þar sem varir Helga og Stínu mættust. Svo öskraði ég eins hátt og ég gat:

– Fyrir Bólu-Hjálmar!!

Það sem á eftir gerðist hlýtur að hafa tekið brot úr sekúndu en meðan á því stóð leið mér eins og ég væri að horfa á kvikmynd sýnda á hægum hraða. Ég kippti pinnanum aftur á bak og slangan tók viðbragð þegar ísköld vatnsbunan teygði sig fram úr stútnum í háum boga þvert yfir herbergið og smellti sér með ofsakrafti í andlit Helga og Stínu fínu sem urðu á svipinn eins og þau hefðu bitið í tunguna hvort á öðru. Þau köstuðust í vegginn eins og tuskudúkkur, spriklúðu með höndum og fótum og reyndu að koma sér undan vatnsbununni sem elti þau um allt herbergið. Helgi reyndi að bröлта á fætur en ég miðaði alltaf á andlitið á honum svo það var vonlaust fyrir hann að standa upp. Fingurnir á mér voru orðnir ískaldir og krafturinn á vatninu var svo mikill að slangan var farin að slást til hliðanna af sjálfu sér. Bunan sópaði myndum af veggjum, reif niður veggspjöld af rokkhljómsveitum, felldi stól um koll, reif bækur ofan úr hillu og fyllti kassettutækið hans Helga af vatni.

7. Bruninn

Ég glaðvaknaði og settist upp í rúminu. Þessi draugalega rauðglóandi birta kom að utan. Þegar ég snéri mér við í rúminu og leit út um gluggann lamaðist ég gjörsamlega. Húsið hennar Guðlaugar gömlu stóð í björtu báli. Eldtungurnar brutust út um gluggana, upp eftir veggjunum og teygðu sig eldrauðar upp í dökkbláan himininn.

Gráðugir logarnir átu laufin á trjánnum sem stóðu uppi við húsið eins og risakyndlar sem lýstu umhverfið. Ég man ekki hve lengi ég sat hreyfingarlaus, kannski mínútu, kannski sekúndu. Eins og úr fjarska heyrði ég ópin í sjálfum mér. Mamma og pabbi komu hlaupandi inn til mín. Pabbi hljóp aftur fram og hringdi á slökkviliðið en mamma tók mig í fangið. Ég sleit mig lausan frá henni og starði út um gluggann. Ég gat ekki hætt að horfa. Í næstu húsum kviknuðu ljós í glugga, fólk kom út á svalir. Enginn gerði neitt. Af hverju gerir enginn neitt? Guðlaug virtist dauðadæmd.

Inni á Leikó var einhver dökk vera á hlaupum. Hún stökk fimlega yfir grindverkið og hljóp í áttina að logandi húsinu. Þetta var Helgi svartí! Helgi! Helgi djöfull! Helgi morðingi! Var hann kominn til að vita hvort íkveikjan hefði heppnast? Var helvítið að tryggja að gamla konan brynni til kaldra kola? Ætlaði hann að standa vörð ef hún kæmi út og henda henni aftur inn í bálið? Ég stóð upp í rúminu og gnísti tönnum og grét beisklega. Hann stóð bara þarna og starði á eldinn. Svo hálfhljóp hann í kringum húsið og kallaði eitthvað.

Hvað í fjandanum var hann að gera?

8.

Hann stoppaði fyrir framan dyrnar þar sem eldurinn kom æðandi út á móti honum, renndi upp rennilásnum á leðurjakkanum sínum og setti upp mótörhjólahanskana. Ég trúði varla því sem ég sá: Helgi svartí, illmenni, kattarmorðingi og hrekkjusvín hljóp inn í brennandi húsið og hvarf inn í logana. Það liðu eilífðir. Í fjarska heyrðist sírenuvæl sem nálgast óðum. Öll húshliðin sem snéri að mér stóð nú í björtu báli. Húsið sást ekki lengur, aðeins eldur. Öskrandi bálköstur. Og nú hrundi þakið. Neistarnir þutu upp í himininn eins og milljón, milljón eldflugur, hlykkjuðust fram og aftur þar sem þær hrærðu sér saman við svartan reykinn.

Á sama augnabliki birtist Helgi á þeim stað sem eitt sinn hafði verið dyrapallurinn á húsinu. Í fanginu bar hann einkennilegt svart hrúgald og það rauk úr leðurjakkanum. Hann steig nokkur skref frá eldinum, skjögraði og féll svo hóstandi á hnén. Hann beygði sig yfir hrúgaldið, rétti svo úr sér og hóstaði. Hann beygði sig aftur yfir þessa svörtu hrúgu sem hlaut að vera Guðlaug, og þegar slökkviliðsbíllinn og sjúkrabíllinn komu æðandi fyrir hornið, lýstu kaldblá bílljósinn upp þessa undarlegu mynd: Helgi svartí lá á hnjánum með gömlu konuna meðvitundarlausu í fanginu, eins og lítið barn, og var að blása í hana lífi.

Frá þessu augnabliki var Helgi hetja í mínum augum þrátt fyrir allt sem hann hafði gert.

9. Reglan tekur til sinna ráða

Við sátum þrír við hringborðið, ég, Baldi og Róland. Ég hafði sagt þeim frá heimsókn okkar pabba til Guðlaugar fyrr um daginn og að því loknu sátum við þegjandi og hugsuðum málið. Loksins stóð Róland upp og sagði:

- Ef það væri bara eitthvað sem við gætum gert.
- En hvernig ... hvað? sagði Baldi.
- Ég veit það ekki, sagði Róland. En eins og ég sé það þá er þetta verkefni fyrir alvöru riddara.

- Hvað meinarðu? spurði Baldi. Eigum við kannski að fara að skylmast við einhverja lögfræðinga?

- Nei, sagði Róland hlæjandi. Hvernig datt þér það í hug?

- Nei, bara, sagði Baldi vandræðalega.
- Við hljótum að geta safnað einhverju fyrir hana, fötum eða húsgögnum eða peningum, sagði Róland.
- Peningum, til hvers? spurði ég.

Snögglega var eins og við fengjum samtímis sömu hugmynd. Eins og einhver hefði kveikt á þúsund ljósaperum inni í höfðinu á okkur. Við litum hver á annan með uppglennt augu. Svo ruddust orðin út úr okkur í belg og biðu.

... til að byggja!

... fullt af peningum!

... byggja nýtt hús!

- Nýtt hús!

Við stóðum á fætur og töluðum hver í kapp við annan.

10.

- Við förum til allra í Hverfinu!
- Já, og allra í hinum götunum.
- Svo höldum við tombólu!
- Já, og seljum eitthvað ... eins og ... smákökur!
- Já, smákökur!
- Söfnum flöskum og seljum gler!
- Höldum skylmingakeppni og seljum inn á!
- Látum alla krakkana hjálpa okkur að ganga í hús!
- Og leggjum allt inn á bankabók!
- Við söfnum fullt af peningum!
- Alveg fullt!
- Helling!

Skyndilega var allur vandi leystur. Þetta var auðvelt. Næstum of auðvelt. Við hlytum að geta safnað nógu miklu til að kaupa timbur og bárujárn og nagla ...

- Svo þarf að fá smiði.
- Og kaupa málningu.
- Og gler í gluggana.
- Og eldhúsvask.
- Og hurðir.

- Kannski er þetta ómögulegt, sagði ég og settist aftur. Þetta kostar allt rosalega mikið. Ég meina ... heilt hús!

- Já en, ef við byrjum bara, sagði Róland. Ef við byrjum, þá leggst okkur kannski eitthvað til. Þetta hlýtur að takast. Þetta verður að takast!

Við ákváðum að fá okkur göngutúr þó að komið væri kvöld og klukkan orðin margt. Við urðum að hreyfa okkur, við vorum svo æstir í að byrja. Við gengum að grunninum þar sem hús Guðlaugar hafði staðið, settumst þar niður og ræddum þetta fram og aftur.

11.

Nú fóru í hönd viðburðarríkir dagar hjá reglu Rauða drekans. Við gengum hús úr húsi íklæddir skikkjum og vestum, með skjöld í hendi og sverð við síðu. Í hjálmana söfnuðum við peningum. Fyrst fórum við þrír saman en fundum fljótt að þetta gengi betur ef við skiptum húsum og götum á milli okkar. Við hringdum dyrabjöllum, kynntum okkur og sögðum frá tilgangi söfnunarinnar. Allir gáfu peninga. Allir!

Þegar hjálmurinn var orðinn fullur hljóp ég heim til Rólands. Inni í herberginu hans var kistill sem við ætluðum að fylla og fara svo með í bankann.

Eftir að við höfðum gengið hús úr húsi í tvo daga var kistillinn orðinn sneisafullur. Þá bárum við hann á milli okkar niður götuna og inn í bankann. Gjaldkerinn horfði undrandi á þessa djörfu fylkingu sem geystist inn og skellti viðarkistlinum á afgreiðsluborðið. Stúlkan horfði brosandí til okkar og sagði:

- Er þetta sjóræningafjár sjóður?
- Við ætlum að opna reikning, svaraði Róland hátt og skýrt.

Starfsfólkið hópaðist að borðinu, forvitið og flissandi.

- Úr hvaða kastala varstu að ræna? spurði sköllóttur karl og allir hlógu.

- Drífið ykkur út að leika ykkur! sagði stúlkan.

- Er þetta kannski vopnað rán? sagði sköllótti karlinn þegar hann sá sverðin.

Róland smellti upp læsingunni á kistlinum og opnaði hann. Hláturinn þagnaði þegar peningahrúgan blasti við öllum.

12.

- Við ætlum að opna reikning, sagði Róland aftur.
- Hvar fenguð þið alla þessa peninga, strákar mínir? sagði sá sköllótti alvarlegur.
- Við erum að safna fyrir gamla konu sem missti húsið sitt og allt sem hún átti í brunanum hérna uppi í Hverfi í síðustu viku, svaraði Róland. Ykkur er öllum velkomið að leggja ykkar af mörkum, bætti hann við. En fyrst ætlum við að leggja þetta inn, ef þið vilduð gjöra svo vel.
- Stúlkan var nú búin að átta sig á því að þetta voru engir strákpattar að leika sér. Þetta voru alvarlegir riddarar sem meintu hvert orð sem þeir sögðu.
- Á hvaða nafni á reikningurinn að vera? spurði hún og leit spyrjandi á okkur til skiptis.
- Regla Rauða drekans, sagði Róland hátt og skýrt.
- Starfsfólkið leit hvert á annað, ýmist brosti eða hló en það fór ekki á milli mála að okkur var alvara.
- Svei mér þá, sagði sá sköllótti. Fær maður að komast að sem félagi í reglunni?
- Kannski, sagði Róland og glotti. Það fer eftir því hvað þú vilt leggja mikið af mörkum í söfnunina.
- Alveg var ótrúlegt hvað Róland var óhræddur að tala við fullorðna eins og þeir væru jafnaldrar hans.
- Ef þú sýnir að þú hafir göfugt hjarta, þá er velkomið að slá þig til riddara, sagði hann. En það fæst ekki fyrir smápeninga.

13.

Bankastjórinn opnaði brosandí fyrir okkur skrifstofuna sína og bauð okkur sæti í mjúkum leðursófa. Hann settist við skrifborðið sitt og horfði á okkur hvern af öðrum og sagði síðan:

– Það er ekki oft sem maður hittir svona drengi eins og ykkur. Það er allt of sjaldgæft. Stundum heldur maður að krakkar nú til dags séu bara bölvaðir ólátabelgir og skemmdarvargar en ég sé það núna að það eru ekki allir þannig. Segið mér nú frá þessari gömlu konu sem missti húsið sitt. Og við sögðum honum frá Guðlaugu og frá öllu því sem hún hafði gert fyrir okkur og alla krakkana í Hverfinu; frá Bólu-Hjálmoni (við sögðum honum ekki frá því sem við gerðum við Helga. Þá hefði hann kannski haldið að við værum ólátabelgir!) og svo sagði ég honum frá því hvað Guðlaug sagði við okkur þabba um að hún vildi bara deyja ef hún ætti nú að missa fjölskylduna í Hverfinu frá sér.

– Og ætlið þið að safna fyrir nýju húsi? spurði hann.

– Já, sagði Róland. Við ætlum í það minnsta að reyna hvað við getum. Við verðum að gera eitthvað.

Bankastjórinn, sem hét Sigurjón, hallaði sér aftur í stólnum og horfði lengi á okkur.

– Nýtt hús kostar mikla peninga, sagði hann. Þó að það sé bara lítið timburhús. Haldið þið virkilega að þetta takist hjá ykkur?

– Ef við gefumst ekki upp, sagði Róland. Við ákváðum að standa saman og við gerum það sem við getum til að hjálpa Guðlaugu.

14.

– Það hjálpar henni enginn annar, sagði Baldi. Meira að segja frændi hennar er að reyna að ná af henni lóðinni til að selja hana ...

... og það er svo óréttlátt, bætti ég við.

– Og þið eruð sannir riddarar, sagði Sigurjón brosandí, og berjist gegn óréttlætinu í heiminum, ekki satt?

Við kinkuðum kolli.

– Í fyrramálið, hélt Sigurjón áfram, þarf ég að fara á fund með stjórn bankans. Ég ætla að segja þeim frá ykkur og því sem þið eruð að gera fyrir gömlu konuna. Ég get ekki lofað ykkur neinu en ég veit að þeir munu hlusta á mig ... ekki síst ef ég er orðinn riddari, sagði hann og glotti.

– Þú verður fyrst að velja þér tákn, sagði Róland.

Sigurjón varð hugsí.

– Humm ... tákn ... tákn ... þegar ég var lítill þá lékum við alltaf kúreka og indíána og ég vildi alltaf vera indíáni. Þá vildi ég alltaf láta kalla mig Litla Úlf. Er það ekki gott tákn? Úlfur?

– Það er flott, sagði Baldi.

– Frábært, sagði ég.

– Þá er það ákveðið, sagði Sigurjón. Og nú skulum við koma fram. Ég er viss um að allt starfsfólkið bíður spennt eftir þessu.

Við fylgdum Sigurjóni fram í afgreiðsluna þar sem allir stóðu og skröfuðu saman. Það var löngu búíð að loka bankanum en allir biðu spenntir og vildu ekki missa af því þegar bankastjórinn yrði sleginn til riddara.

15.

Sigurjón gekk fram fyrir afgreiðsluborðið og sagði hátíðlega:

– Má ég biðja um hljóð! Hér fer nú fram virðuleg athöfn og ég ætla að biðja starfsmenn bankans um að vera vitni og fylgjast með. Sumir pískruðu og hlógu. Sigurjón var greinilega skemmtilegur yfirmaður og starfsmenn bankans líklega ýmsu vanir frá honum. Hann kraup á kné fyrir framan Róland og beygði höfuðið svo gljáfægður skallinn glampaði í sólinni sem skein inn um rimlagluggatjöldin.

Róland dró sverð sitt úr slíðrum, lagði það á vinstri öxl Sigurjóns og mælti:

– Gegn ranglæti ... svo færði hann sverðið yfir á hægri öxlina.

... með réttlæti ... þá lagði hann sverðið ofan á höfuð Sigurjóns.

... vígi ég þig sem riddara í reglu Rauða dregans.

Þá lyfti hann sverðinu hátt upp og sagði:

– Rís á fætur, herra Sigurjón úlfur riddari!

Sigurjón stóð á fætur, brosandí og hneigði sig djúpt fyrir Róland.

– Minn er heiðurinn, herra Róland, sagði hann lágt.

Starfsfólkið hrópaði húrra og bravó og klappaði og blístraði. Sigurjón snéri sér við og hneigði sig hlæjandi. Við litum brosandí hver á annan. Það var ekki ónýtt að hafa bankastjóra með sér í riddarafélagi. Sérstaklega ef maður var að safna peningum fyrir húsi! Við kvöddum Sigurjón með handabandi og starfsfólkið klappaði fyrir okkur þegar við gengum út. Þetta var ótrúlegur dagur.

16. Húsið rís

Eitt kvöldið þegar við sátum í riddarasalnum heima hjá Róland og ræddum um hvort ekki væri kominn tími til að fara að kaupa timbur og hafa samband við einhverja smiði, þá var bankað létt á hurðina. Róland fór til dyra og opnaði. Þar stóðu pabbi minn og pabbi Rólands.

– Komiði sælir, drengir, sagði pabbi. Megum við koma inn?

Þeir settust við borðið hjá okkur og pabbi leit brosandí í kringum sig.

– Þetta er sannkallaður riddarasalur, sagði hann brosandí.

Ég var hálfundrandí á þessari heimsókn. Hvað var pabbi að gera hér? Ekki vissi ég að hann þekkti pabba Rólands. En skýringin kom fljótlega.

– Við kallarnir höfum verið að ræða saman um þessa söfnun ykkar, sagði pabbi.

– Og við höfum svolitlar áhyggjur af þessu, bætti pabbi Rólands við.

– Áhyggjur? spurði Róland. Af hverju?

Þeir litu hvor á annan og brostu.

– Jú, við höfum nú aðallega áhyggjur af því hvað verður um alla þessa peninga, sagði pabbi.

– Það er að segja, okkur langar til að hjálpa ykkur að vinna verkið, bætti pabbi Rólands við.

... byggja húsið, sagði pabbi.

– Já, en pabbi, sagði ég. Þú ert ekki smiður.

– Ég hef nú lyft hamri áður, Benni minn, sagði hann hlæjandi.

– Það sem við ætlum að gera, sagði pabbi Rólands, er að tala við menn sem búa hérna í hverfinu og setja saman smíðaflokk.

17.

– Hjálpa ykkur að kaupa timbrið ...

... og tala við iðnaðarmenn, það er ekki víst að allir séu tilbúnir til að gefa vinnu sína þó að málstaðurinn sé góður. Þess vegna ætlum við að safna saman sjálfboðaliðum.

– Hvað eruð þið búnir að safna miklu? spurði pabbi.

Róland sótti síðustu kvittun frá bankanum. Pabbi leit á hana og rétti hana svo til pabba Rólands.

– Þetta er meira en nóg fyrir timbri, sagði pabbi.

– Já, sagði pabbi Rólands. Og ef húsið á að vera tilbúið áður en Guðlaug útskrifast af spítalanum þá verðum við að láta hendur standa fram úr ermum. Þeir voru greinilega búnir að hugsa þetta allt út miklu betur en við. Enda fór nú heldur betur að komast skriður á hlutina. Daginn eftir var kominn stafli af ilmandi hvítu timbri við hliðina á húsgrunninum. Þarna loksins sáum við að þetta var allt að verða að raunveruleika.

Nú vorum við búnir að ganga í öll hús í Hverfinu og reyndar miklu víðar. Nú þurfti að finna upp á einhverju öðru til að safna peningum. Þá kom mamma Rólands með hugmynd. Tertuuppboð! Hún hringdi í allar mömmurnar og konurnar í saumaklúbbnum sínum og sagði þeim að fara að baka. Nú skyldi halda glæsilegasta tertuuppboð landsins.

18.

Þegar ég kom hlaupandi fyrir hornið var þar saman kominn mesti mannfjöldi sem ég hafði séð. Þetta var eins og þjóðhátíð. Grindverkið á Leikó var skreytt borðum og fánum og blöðrum. Stór langborð lágu þvert yfir planið og af fjórum útigrillum barst ilmur af pylsum og kjöti. Þvert yfir stíginn hafði verið strengdur borði sem á stóð:

„Velkomin heim Guðlaug amma.“

Kliðurinn í fólkinu var svo mikill að ég átti bágnt með að láta nokkurn mann taka eftir mér. Róland og Baldi komu hlaupandi og við dreifðum okkur inn í fjöldann og kölluðum:

– Hún er komin, hún er komin!

Smátt og smátt hljóðnuðu allir og fjöldinn skipti sér í tvær fylkingar svo að það myndaðist gangvegur að húsinu. Þar stóð móttökunefndin, mæður okkar Rólands og Balda ásamt fjölda annarra kvenna úr Hverfinu.

Það heyrðist ekkert nema tíst í einstaka fugli og snark í grillinu. Og svo marr í mölinni á stígnum þegar pabbi kom fyrir hornið með Guðlaugu við arm sér. Þau gengu fáein skref þangað til Guðlaug sá allt í einni svipan: fólkið og húsið. Hún stóð sem steinrunnin og hreyfði sig ekki. Eitt augnablik stöðvaðist allt. Sólin stóð kyrr á himninum, vindinn lægði, fuglar hættu í miðju lagi og allir héldu niðri í sér andanum. Allt í einu byrjaði einhver að klappa og svo brutust út gífurleg fagnaðarlæti.

Önnur umferð: Ljóð eftir Þóru Jónsdóttur

Inngangur kynnis

Þóra Jónsdóttir frá Laxamýri fæddist árið 1925 að Bessastöðum á Álftanesi en fluttist snemma með fjölskyldu sinni að Laxamýri í Suður-Þingeyjarsýslu og ólst þar upp. Hún las bókmenntir við Hafnarháskóla en lauk síðan kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands árið 1968. Þóra starfaði sem kennari og bókavörður allt til starfsloka. Hún vann sér snemma sess sem ein athyglisverðasta samtímaskáldkona okkar. Hún yrkir meðal annars um ástina, náttúruna og órjúfanleg tengsl við fortíðina. Ljóð hennar hafa sterkan heildarsvip og henni tekst sífellt að koma lesendum sínum á óvart.

Fyrsta ljóðabók Þóru, *Leit að tjaldstæði*, kom út 1973 en síðan hefur hún sent frá sér átta bækur auk ljóðapýðinga. Árið 2005 kom út bókin *Landið í brjóstinu* sem er safn úrvalsljóða úr öllum ljóðabókum Þóru. Nýjasta bók hennar kom út 2010 og ber heitið *Hversdagsgæfa* og þar horfir hún til baka og líkt og oft áður eru henni hugleikin hin órjúfanlegu tengsl manneskjunnar við fortíð og náttúru, og hversdagsmyndir hennar gæða okkar eigin hvunndag lit og lífi.

Nemendur geta nú valið milli átta ljóða Þóru en þau eru:

Hvarvetna	Suðurlandsskjálftinn
Hjörðin	Gengið í hrauni
Að verða stór	Kartöflugrös
Lært að mjólka	Skeifan

Óhjákvæmilegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

Góða skemmtun!

Hvarvetna

Ljóð er hvarvetna

Hverju sem viðrar
á það flík við hæfi

Ég hef slegið vef þess
og saumað handa ástvinum
séð andliti þess bregða fyrir
í bakspegli

Það hefur gert sér hreiður
undir upsum húss míns
klakið út dröfnóttum eggjum
við umframhita

Alla stund óttast ég
að ljóðið yfirgefi mig
því sjávarföll þess
stjórnast ekki af tungli
og geimfar þess svífur
milli himins og jarðar

Hjörðin

Þegar haustar
er til einskis að hlakka
fyrir þann
sem ekki heimtir
hjörð af fjalli

Eigi gengur hann
í vetrarveðrum
við fé á heiðinni
gefur á garðann
og leitar uppi
týndan sauð
eða brýtur hjörð sinni vök
í jarðleysum
og sér fram á heyskort
á útmánuðum

Þegar fellirinn kemur
á hann enga skepnu að missa

Að verða stór

Barnið grætur
Ég sýni því tunglið
það gleymir harmi sínum

Stöndum við
einhverntíma aftur
í túninu heima
höldum í hönd á föður
sem ekki óttast neitt
Móðir með hvíta svuntu
kallar af hlaðinu
það er kominn matur
Týndi vasahnífurinn
sem þú fékkst að láni
finnst aftur í slægjunni
Kornblóm og rauðsmári
vaxa á nýræktinni

Bíddu þangað til
þú verður stór

Lært að mjólka

Ég fæ ekki lengur
setið á kassa á fjóströðinni
horft á aðra tæma troðfull júgur
hlustað á skraf mjaltakvennanna
streymi hvítra lækja í föturnar
og friðsælt jórtur kúnna
notið þess að vera barn og áhorfandi
Ég er komin á aldur
og sett á skemil undir gömlu Rák
með strigasvuntu og skýluklút
Kýrin er heft og halabundin
en um leið og hún finnur viðvaningsleg handtökin
tvístígur hún á básnum
blæs út á sér kviðinn að ýta mér burt
Ég held um spenana
lyfti og kreisti á víxl
Halinn losnar og kýrin slær mig utanundir
Næst tekst henni að losa um haftið
og stígur upp í fötuna með dreitlinum í
Ég fer að vola og óttast mest
að skepnan leggist ofan á mig
Fyrstu mjaltirnar verða endasleppar

Suðurlandsskjálftinn

Þegar spár rætast
um Suðurlandsskjálfta
óttast ég að hriktri í burðarásu
og mávastellið fari í mask

Ég sé sjálfa mig sópa saman brotum
og skera mig í fingurinn
Þá get ég ekki þrjónað
og tekið að spyrja mig spurninga
sem ekkert svar er við

Eða þá þegar stellið er farið
og mávarnir líkt og flognir
finn ég kannski meðal brotanna
höfuðlykil sem huldufólkið tók
og hefur nú skilað aftur

Þá get ég hreinsað til í hirslum
og hent ýmsu dóti

Gengið í hrauni

Frá því snemma í morgun
hef ég gengið í hrauninu

Lengi dags
hugðist ég finna hreiður gæsarinnar
í næstu gjótu

Margt hefur borið fyrir augu
og dagurinn hrokkið skammt
í hrauninu

Mér líst
að ekki sé allt sem sýnist
og skil ekki lengur
hvað mér gekk til

Sárfætt óska ég þess eins
að snúa heim

Svartur skuggi fylgir fast á hæla mér

Ég stend á bakka árinna
á leið minni

Þar hefur brúna tekið af

Kartöflugrös

Þegar sumarið þreytist
velur myrkrið sér náttstað
á þökum húsanna

Börn í blómalitum
vitja skólagarðanna
það er tími uppskeru
þau hafa vaxið
í kapp við kartöflugrösín

Ég safna sumrinu
með berum höndum
fyrir frostin

finn að jörðin
á erindi við mig

Skeifan

*Vel má minn gangvarinn
söðul bera*

Ég fann ryðgaða skeifu utanveggar
og festi yfir útidyrum

Næst dreymdi mig hest
hann svaf uppi á lofti
og kom niður stigann
meðan ég drakk morgunkaffið
Ég vonaði að ungbarnið vaknaði ekki
Á stigapallinum skildi hann eftir
tuggu af pottablómi

Síðan minntist ég Jarps
reiðhests móður minnar
Hálft lífið var á hestbaki
þegar hann var ungur
Brjóstveikur endaði hann ævina
í mógröf

Hamingjan er skeifulaga
hugðist ég segja